

# Hrafn Sveinbjarnarson, fyrsti íslenski læknirinn.

## Minning 800 árum síðar

Ráðstefna á Hrafnseyri við Arnarfjörð, 24. ágúst 2013

### Sigurður Guðmundsson

læknir, sérfræðingur í lyflækningum og smitsjúkdómum, lyflækningasviði Landspítala, prófessor, læknadeild Háskóla Íslands.



[siggudm@landspitali.is](mailto:siggudm@landspitali.is)

„Atburðir margir, þeir er verða, falla mönnum oft úr minni en sumir eru annan veg sagðir en verið hafa og trúa því margir er logið er en tortryggja það satt er“.<sup>1</sup> Þannig hefst Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka. Þarna lýsir höfundur réttmætum efasemdum sínum um langminni lýðsins. Það var hverfult á tímum söguritara rétt eins og nú. Ekki á það síst við þegar fjallað er um pólitík, þá eins og nú.

Hrafn saga fjallar enda um pólitík. Hún er talin vera nokkurs konar pólitískt varnarrit að Hrafn látum undir miklum áhrifum frá helgisögnum miðalda.<sup>2</sup> Útdráttur Hrafn sögu sem birtist í Sturlungu er styttri, ekki síst hefur höfundur Sturlungu fellt úr þeim köflum sem mest gera úr helgiljóma Hrafn, en meira fjallað um deilur hans við banamann sinn Þorvald Vatnsfirðing.<sup>3</sup> Sagan hin sérstaka minnir því e.t.v. á ævisögur samtímans, einkum þær sem skrifaðar eru af aðdáendum nýlátinna mikilmenna.

Því mikilmenni var Hrafn, fjölvís hæfileikamaður. Ef hann hefði fæðst nokkrum öldum síðar hefði hann vafalítið orðið okkar helsti endurreisnarmaður. Honum er svo lýst í sögunni að hafa orðið „snemmendis mikill atgervismaður. Hann var vöndur að hagleik bæði að tré og að járn og

skáld“, en höfundur sögunnar bætir þar við af sagnfræðilegu raunsæi og heiðarleik að „þó hann hafi fát kveðið svo að vér vitum“. Þessi viðbót hlýtur að auka trúverðugleik og heilindi söguritara. Hrafn er svo áfram lýst að hann var „hinn mesti læknir og vel lærður, ... , lögspakur maður og vel máli farinn og að öllu fróður“. Honum er enn fremur lýst sem miklum á velli og atgervismanni, hann var „syndur vel og við allt fimur það er hann hafðist að, bogmaður mikill og skaut manna best handskoti“.<sup>1</sup>

Þetta er maðurinn sem við íslenskir læknar viljum að sé minnst sem fyrsta íslenska lærða læknisins, mannsins sem ætti að hafa læknanúmerið 0001. Auðvitað hafa ýmsir aðrir landar okkar sinnt sjúkum, læknað og líknað á þessum tímum, þar með talið löngu fyrir hans daga. Heimildir munu þó óvissar um skólun þeirra, þó snjallir væru þeir margir. Erfitt er að minnst ekki á hvernig Þorgerður Egilsdóttir læknaði föður sinn Skallagrímsson af hugsýki og sorg í sjálfsvígshugleiðingum eftir sonarmissi. Hún beitti þar brögðum og mannlegu innsæi, aðferðafræði sem enn er beitt í nútíma læknisfræði. Kannski var Þorgerður fyrsti íslenski geðlæknirinn eða geðhjúkrunarfræðingurinn.

Í Hrafn höfum við læknar samt ákveðið tákni, hann var okkar fyrstur, og þannig viljum við hugsa til hans. Hann er okkur nauðsynlegur sem upphaf, einhvers konar ármaður. Síðan hefur okkur fjölgað, að vísu hægt næstu aldirnar en hraðar síðar, og þekking okkar vaxið og dafnað. Næsti bautasteinn læknisfræðinnar hérlendis er svo auðvitað Bjarni Pálsson, um fimm og hálfri öld síðar, sem líka á að vera okkur tákni og fyrirmynd. Þeir Hrafn og Bjarni verðskulda háan sess í hugum okkar nútímalækna, og ég held að þann sess hafi þeir báðir.

Um Hrafn, ævi hans sem höfðingja, píla-gríms og læknis verður fjallað á ráðstefnu sem haldin verður á Hrafnseyri þann 24. ágúst n.k. Hún er haldin til að minnst þess að 800 ár voru í mars síðastliðnum liðin frá því að Þorvaldur Vatnsfirðingur stóð að vígi Hrafn. Á ráðstefnunni munu fimm fræðimenn fjalla um ævi hans, lækningar, kirkjuleg áhrif, skáldskapinn og pólitískar deilur. Fleiri munu einnig um hann fjalla í tali og tónum. Ágrip erinda eru birt í þessu tölublaði Læknablaðsins ásamt fjölbreyttri dagskrá. Hrafn og ævi hans hafa áður verið gerð góð skil á síðum blaðsins af þeim Erni Bjarnasyni<sup>3,4</sup> og Páli Ásmundssyni.<sup>5</sup> Hér leggja fleiri hönd á plóg, fólk með þekkingu á sagnfræði, trúarbrögðum, norrænum fræðum og lækningum tekur höndum saman og bregður skýrara ljósi á ævi og störf þessa merka manns, táknumyndar okkar lækna.

### Heimildir

1. Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka. Sturlunga saga II. Ritsjt. Örnólfur Thorsson, Svart á hvítu 1988: 883-931.
2. Sturlunga saga, skýringar og fræði. Inngangur. Ritsjt. Örnólfur Thorsson, Svart á hvítu 1988:xxviii.
3. Örn Bjarnason. Kristinn heimur miðalda og Hrafn Sveinbjarnarson. Læknablaðið 2004; 90: 167-70.
4. Örn Bjarnason. Hrafn Sveinbjarnarson – líkn og lækningar. Læknablaðið 2004; 90: 253-7.
5. Páll Ásmundsson. 800 ár frá vígi Hrafn Sveinbjarnarsonar. Læknablaðið 2013;99:164-5.

The first Icelandic physician, Hrafn Sveinbjarnarson.  
In memoriam – 800 years later.

Sigurður Guðmundsson  
Consultant in Internal Medicine and Infectious Diseases,  
Landspítali University Hospital, Professor, School of Medicine,  
University of Iceland.